

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. júní sl. óskuðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Svar við fyrirspurninni var lagt fram á fundi ráðsins 25. júní sl.

Samkvæmt því svari kom fram að enn eitt árið virtist stefna í manneklu á leikskólum borgarinnar þar sem eftir var að ráða í fleiri stöður þar en á sama tíma og í fyrra eða í 115,2 stöðugildi og enn átti eftir að ráða í 67 stöðugildi í grunnskólunum. Fram kom í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að bregðast þyrfti strax við þessari stöðu áður en skólastarf hæfist í ágúst. Það vekur furðu að þegar örfáir dagar eru í skólabyrjun að upplýsingar liggi ekki fyrir um hvort búið sé að fullmanna umræddar stöður og að málið sé ekki til umfjöllunar á fyrsta fundi skóla- og frístundaráðs eftir sumarleyfi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska því eftir að staða ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar liggi fyrir og verði á dagskrá á næsta fundar skóla- og frístundaráðs 25. ágúst nk.